# CAVIUS
WIRELESS
ALARM FAMILY

# SMOKE ALARM

Optískur reykskynjari
Tilvísunarnúmer: 2103-002
Þróað af CAVIUS

CAVIUS Reykskynjarinn er hannaður fyrir einkaheimili, hjólhýsi og húsbíla. Ekki er mælt með notkun hans í báta.

**VINSAMLEGA LESIÐ NOTKUNARLEIÐBEININGAR ÍTARLEGA FYRIR NOTKUN OG GEYMIÐ TIL SEINNI NOTA!**

Tæknilegar upplýsingar
Hámarksfjöldi samtengjanlegra nema innan húss er 32.
**Vinsamlega athugið**: Þetta þurfa að vera CAVIUS skynjarar.

WIRELESS
ALARM FAMILY

Fjarlægðin milli samtengjanlegra nema er háð skipulagi hússins og þá ætti alltaf að prófa eftir uppsetningu. Þó er ekki mælt með að fjarlægð milli nema fari yfir 10 m. milli tveggja nema.

**Þvermál:** 65mm. **Hæð**: 44 mm.

Neminn er spennufæddur með útskiptanlegri 3V CR123A Lithium rafhlöðu. Hægt er að skipta einu sinni um rafhlöðu, **eftir 10 ára notkun skal farga skynjaranum.**
**MIKILVÆGT**: Rétt virkni skynjarans er tryggð með notkun DURACELL, PANASONIC eða HUIDERUI rafhlöðu.

**Samtenging með RF:** 868MHz.
Samræmist stöðlum: EN14604:2005 + AC:2008, EN300-220.




## 1. UPPSETNINGU OG TENGING NEMA:

**Vinsamlega athugið:** Miðann, sem er á vörunni, má alls ekki fjarlægja þar sem hann hefur að geyma mikilvægar upplýsingar varðandi vöruna.




**Alla nema/skynjara** sem tengja á saman innan húss þarf að stilla á „Learn Mode“ með því færa hnappinn sem er ofan á nemanum í „Learn Mode“ stöðu.




Rauða LED ljósið birtist til að gefa til kynna að „Learn Mode“ hafi verið valið.



Vinsamlega athugið að þegar neminn hefur verið settur í „Learn Mode“ er ekki hægt að setja hann í sökkulinn.
Fjarlægið ekki rafhlöðu á meðan „Learn Mode“ stendur þar sem það truflar ferlið.

Þrýstið og haldið prófunarhnappnum inni í einn viðvörunartón þar til „bíp“ hljóð heyrist og LED ljós blikkar. Þessi nemi verður þá aðalneminn og mun byrja senda sérstaka húskóða til hinna nemanna.



Þegar hinir nemarnir móttaka þennan sérstaka húskóða mun LED ljós einnig byrja að blikka á þeim.



Þegar rautt LED blikkar á öllum nemum eru þeir tengdir og þá má taka þá úr „Learn Mode“ og setja þá upp.

## 2. ÁKJÓSANLEGUSTU STAÐIR TIL AÐ SETJA UPP HITANEMA:

• Staðsetjið skynjara milli mögulegra eldsupptaka og svefnherbergja að lágmarki.
• Skynjari á hverri hæð og á göngum og stigarýmum.
• Skynjari í hverju rými t.d. svefnherbergjum og stofu.

Viðbótarskynjarar auka öryggi.




## 3. **Ekki** skal staðsetja reykskynjara:

• Í rykugum herbergjum.
• Efst í háu lofti eða í hornloftum né innan 50 cm frá vegg.
• Í rýmum þar sem hitastig fellur undir +4° eða fer yfir 38°C eða yfir 90% hlutfallslegan óþéttan raka.
• Í eldhúsi, bílskúr og eldstæðum þar sem finna má raka, gas eða reyk. Staðsetjið skynjarann þar sem hægt er að nálgast hann til rafhlöðuprófunar og viðhalds.

## 4. STAÐSETNING:

Reykskynjarinn er hannaður til uppsetninga á vegg eða í loft.

**Fyrir uppsetningu í loft:**




**Fyrir hornloft eða vegg uppsetningu:**




Með lágmarksfjölda reykskynjara á hverri hæð með hámarksfjarlægð milli reykskynjara 10 m.

## 5. UPPSETNING REYKSKYNJARA:

Takið skynjarann úr sökklinum með því að snúa rangsælis.




Notið sökkulinn til að merkja fyrir skrúfgötum á vegg eða í loft.



Þegar sökkullinn hefur verið uppsettur skal koma skynjaranum fyrir í honum með því að snúa réttsælis þar til smellur. Ef rafhlöðu vantar eða hún vitlaust sett í, eða ef neminn er enn stilltur á „Learn Mode“ er ekki hægt að koma nemanum fyrir í sökklinum.




**6.** PRÓFUNARVIRKNI:

Eftir uppsetningu, og að lágmarki ársfjórðungslega, skal prófa alla nema til að tryggja að þeir virki rétt og séu innan færis við hvern annan.

Mælt er með að athuga vikulega hvort að LED ljós skynjarans blikki rétt (á 48 sek. fresti)

*Þrýstið á prófunarhnappinn á hvaða nema sem er í minnst 6.5 sek. (teljið 2 sett af 3 hljóðum). Við þetta mun neminn senda frá sér prófunarmerki; allir aðrir tengdir nemar ættu að móttaka merkið innan skamms tíma. Nemarnir munu þá gefa frá sér stutt „bíp“ og LED ljósið mun blikka á 8 sek. fresti í 2 mín.*

*ATH: Prófunarvirkni gerir einnig mögulegt að senda tómt RF merki til að tryggja ákjósanlegustu virkni við eðlileg skilyrði.*

Þegar prófunarmerkið er sent eru viðbrögð nemanna vera tvennskonar:

**1.** Eitt „bíp“ á 8 sek. fresti sem gefur til kynna að nemarnir séu tengdir og virki.

**2.** Þrjú stutt „bíp“ á 8 sek. fresti gefur til kynna bilun í reykskynjara. Skynjarann ætti þá að þrífa með því að renna yfir síuhólfið með ryksugu á minnsta styrk og prófa svo aftur.

Ef þörf krefur er hægt að stöðva tilkynningu á hverjum nema fyrr með því að þrýsta á stutt á prófunarhnappinn.

**ÁBENDING**: Óhætt er að hylja hljóðútgang hljóðgjafa með fingri meðan á prófun stendur til að draga úr hljóðstyrk.

Ef vandamálið er enn til staðar, farið á www.cavius.com fyrir bilanagreiningu.

**7.** VENJULEG STAÐA:

Í venjulegri virkni blikkar LED ljósið á 48 sek. fresti til að sýna rétta virkni.

**8.** VIÐVÖRUNARHAMUR:

Þegar skynjarinn nemur samsafnaðan reyk fer hann í viðvörunarham. Hann sendir þá frá sér viðvörunarboð og LED ljós blikkar.

Reykskynjarinn mun einnig senda viðvörunarmerkið til annarra tengdra skynjara, sem munu þá einnig senda frá sér viðvörunarmerki eftir stutta töf.

Í CAVIUS Wireless Family eru tvenns konar viðvörunarmerki:

**Viðvörunarmerki 1** (--- --- ---) varar við lífshættu, t.d. reyk.
**Viðvörunarmerki 2** (- - -) varar við atburð sem er ekki lífshættulegur, t.d. vatnsleka.

| | |
|---|---|
| Reykviðvörun: | --- --- --- |
| Hitaviðvörun: | --- --- --- |
| Vatnsleki: | - - - |
| Kolmónoxíð lítið magn: | - - - |
| Kolmónoxíð mikið magn: | --- --- --- |

Vinsamlega athugið að aðeins LED ljós á skynjaranum sem viðvörunin kemur frá mun blikka svo hægt sé að bera kennsl á hvaðan boðin koma.

**9.** HLÉ/STÖÐVUN HLJÓÐGJAFA:

Fari fölsk boð í gang á reykskynjara vegna eldunar, eldstæðis o.þ.h. er hægt að stöðva / gera 10 mín. hlé á hljóðgjafanum með því að þrýsta á prófunarhnappinn á þeim nema sem boðin koma upphaflega frá (gefið til kynna með blikkandi LED).

Ástæðan fyrir þessu er sú að nauðsynlegt er að hafa finna þann nema sem sendir boðin áður en hægt er að stöðva hljóðgjafann. Þetta er til að tryggja að ástandið sé ekki lífshættulegt.

**10.** BÆTIÐ VIÐ BÚNAÐI:




Öllum CAVIUS samtengjanlegum skynjurum innan WIRELESS ALARM FAMILY er hægt að bæta við kerfið þar sem þeir ganga á sömu tíðni og notast við sömu samskiptareglur. Þetta þýðir að þráðlaust kerfi getur verið samsett af reyk-, hita- og vatnsskynjurum.

Setjið alla skynjara í „Learn Mode“ og endurtakið skref 1.

Þegar búið er að bæta við búnaði skal alltaf prófa tengingu við annan búnað með því að endurtaka skref 6 um prófunarvirkni.

**11.** MERKI UM LÁGA HLEÐSLU RAFHLÖÐU:

Varan er með 5 ára rafhlöðuendingu. Þegar hleðsla rafhlöðu byrjar að lækka heyrist stutt „bíp“ hljóð á 48 sek. fresti næstu 30 daga.

Aðeins skynjarinn sem er með lága hleðslu gefur frá sér hljóð, ekki annar búnaður sem tengdur er við hann.

Óhætt er að skipta út rafhlöðu í búnaðinum án þess að fara þurfi aftur í lærdómsham – skynjarinn gleymir ekki kóðunum meðan á rafhlöðuskiptum stendur.

**12.** RAFHLÖÐUSKIPTI:

Til að skipta um rahlöðu, fjarlægið nemann úr sökklinum með því að snúa rangsælis.Setjið nýja rafhlöðu í með tilliti til póla.



**13.** VIÐHALD & BILANAGREINING:

- Reykskynjarann ætti að ryksuga ársfjórðungslega, til að fjarlægja rykagnir, og strjúka má af honum með rökum klút. (Opnið ekki skyjarann).
- Mikla rakasöfnun er hægt að lagfæra með því að þurrka reykskynjarann.

Ef reykskynjarinn virkar ekki þegar þrýst er á prófunarhnappinn er líkleg ástæða biluð rafhlaða. Athugið hvort rafhlaða sé slitin og skiptið um hana.
**ÁVALLT SKAL PRÓFA SKYNJARANN ÞEGAR BÚIÐ ER AÐ SKIPTA UM RAFHLÖÐU.**

Ef vandamálið er enn til staðar, farið á www.cavius.com fyrir frekari bilanagreiningu.

**14.** AÐRAR UPPLÝSINGAR

Málið ekki skynjarann.

**Förgun**: Vinsamlega fargið bæði rafhlöðu og vörunni sjálfri á viðeigandi hátt þegar notkun lýkur. Bæði skynjari og rafhlaða er rafmagnsúrgangur og hann ætti að endurnýta.

CE táknið sem þessi vara fær, staðfestir að farið hafi verið eftir þeim evrópsku tilskipunum  sem eiga við vöruna.

CE 17
0333
EN 14604:2005 + AC :2008
DoP no.: 2103-002
Download DoP document: www.cavius.com

Allur réttur áskilinn: CAVIUS Aps tekur enga ábyrgð á villum sem finna mætti í þessari handbók. Ennfremur áskilur CAVIUS Aps sér rétt til að breyta vélbúnaði, hugbúnaði og/eða sérstökum upplýsingum í handbókinni hvenær sem er án fyrirvara, og CAVIUS Aps skuldbindur sig ekki til að uppfæra þær upplýsingar sem hér er að finna. Öll vörumerki sem hér eru upptalin eru í eigu viðkomandi eigenda. Höfundarréttur © CAVIUS Aps.

Þróað af CAVIUS Aps Julsøvej 16, DK-8600
Framleitt í Kína.